



Reykjavík, 13. maí 2024

VEL24040037

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: **Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata um húsnæði fyrir starfsemi Konukots**

Þann 17. apríl 2024 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar og Pírata fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um húsnæði fyrir starfsemi Konukots:

Meirihlutinn óskar eftir því að velferðarsvið greini frá því hvers vegna ekki hefur enn komið tillaga frá sviðinu um annað og hentugra húsnæði undir starfsemi Konukots í samræmi við bókun meirihlutans frá 5. október 2022. Þá er einnig óskað eftir því að velferðarsvið greini frá stöðu málsins á næsta fundi.

Svar:

Velferðarsvið hefur unnið að verkefninu með umhverfis- og skipulagssviði, Kanon arkitektum og eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringasviðs (FAS), sem hefur umsjón með leit að heppilegu húsnæði. Unnin var þarfagreining fyrir starfsemi Konukots, neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur sem kynnt var í velferðarráði í febrúar 2023. Ennfremur unnu Kanon arkitektar forhönnunarskýrslu - forsendur og frumhönnun, sem lagði til mögulegar leiðir við uppbyggingu á húsnæðinu að Eskihlíð 2-4. Í lok október var ákveðið að byggja ekki upp húsnæðið að Eskihlíð 2-4 og leita þess í stað að hentugu húsnæði fyrir starfseminna. Ýmiss konar húsnæði hefur verið skoðað en leit stendur enn yfir. Fjárfestingarheimild velferðarsviðs 2024 er 25 m.kr. vegna endurbyggingar eða stækkunar Konukots, en var á árinu 2021-2031 450 m.kr.

Tímalína verkefnisins í grófum dráttum:

September 2022 - febrúar 2023

Unnin var þarfagreining af USK fyrir *neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur* sem kynnt var velferðarráði 1. febrúar 2023. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Nóvember 2022 - júní 2023

Gerð var skýrsla af Kanon arkitektum um framtíð *Konukots, neyðarskýli og neyðarhúsnæði fyrir konur* sem var skilað til velferðarsviðs í júní 2023. Sjá meðfylgjandi skýrslu.

Í skýrslunni voru lagðar voru til fjórar leiðir og mælti verkefnahópurinn með leið 4. Leið 4 gekk út á að rífa fjósið og hlöðuna og byggja nýja byggingu í þeirra stað, þar sem á neðri hæðinni yrði gistiskýli og á efri hæðinni tímabundið húsnæði. Nýja byggingin yrði tengd gamla steinhúsinu með tengibyggingu ásamt starfsmannaaðstöðu í steinhúsinu. Áætlaður kostnaður var 832 m.kr. Eftir viðræður við eignaskrifstofu FAS kom í ljós að verkefnið væri of dýrt og of flókið þar sem þyrfti að fara í vinnu m.a. við deiliskipulag þar



Reykjavík



sem húsin eru friðuð og framkvæmdir framundan við Landsspítalann, Miklubraut í stökk, umferðarmiðstöð á svæðinu ásamt því sem nágrannar gætu haft áhrif á verkefnið. Við þetta bættist svo framtíðarskipulag svæðisins, sbr. það sem kemur fram hér aðeins neðar.

Einnig var á tímabilinu skoðað húsnæði t.d. að Drápuhlíð, Sunnuvegi og Sóleyjargötu sem ekki var talið henta starfseminni.

Október 2023

Framtíðarskipulag svæðisins í kring um Konukot var skoðað og þar kemur fram að blokkir munu umlykja Konukot og yrði húsið miðdepill svæðisins. Varðandi staðsetningu neyðarskýla þá er æskilegt að ásýnd á viðkvæma starfsemi sé sem minnst. Núverandi húsnæði er illa farið og framtíðarskipulagið á svæðinu er mjög umfangsmikið, þar sem áætluð er mikil uppbygging og að miðstöð borgarlínu verði á svæðinu. Því var óskað eftir að eignaskrifstofa FAS leitaði áfram að nýju húsnæði fyrir Konukot.

Nóvember 2023

Velferðarsvið fór yfir húsnæði á Sóleyjargötu þar sem metnir voru kostir og gallar við húsnæðið. Niðurstaðan var að leita að öðru húsnæði sem gæti hentað starfseminni betur, þar sem aðgengi fatlaðra var ekki til staðar, en skilyrði fyrir starfsleyfi er að kröfum um aðgengi fatlaðra sé fullnægt.

Janúar 2024

Farið var í smávægilegar lagfæringar innanhúss á Konukoti. Loftræsting á salerni á neðri hæð var löguð og eldhúsinnrétting lagfærð. Ef fara á í frekari framkvæmdir þá þýðir það mjög mikið inngrip í húsið sem er friðað og mun það verða kostnaðarsamt og líklega yrði ekki unnt að vera í húsinu á meðan. (Samkvæmt meðfylgjandi minnisblaði sem unnið var á umhverfis- og skipulagssviði 2020 var húsið ástandsskoðað, lagðar til tillögur til úrbóta og gróf kostnaðaráætlun gerð varðandi ytra byrði hússins að upphæð rúmlega 43 m.kr.).

Skoðaður möguleiki á að kaupa húsnæði í Sóltúni, en ekki reyndist unnt að kaupa það.

Mars 2024

Skoðun húsnæðis að Hverfisgötu, en húsnæðið ekki talið henta m.a. vegna rakaskemmda, aðkomu sjúkra- og lögreglubíla, og bílastæði fyrir hreyfihamlaða sem ekki er unnt að uppfylla. Einnig er húsnæðið of stórt fyrir starfsemina með tilheyrandi leiguverði.

Apríl 2024

Skoðun húsnæðis í Öskjuhlíð, og húsnæðið talið henta starfseminni með lágmarks breytingum. Málið var tekið áfram og þar var niðurstaðan að leiguverð yrði of hátt.

Maí 2024

Fyrirhugað er að velferðarsvið, eignaskrifstofa og Rótin fundi og ræði saman um næstu skref, líklega þarf að leita að gistiheimili eða sambærilegu.

